



Örn Ingi

Myndlist

Valtýr Stefánsson

Örn Ingi er listamaður, sem á heima á Akureyri og kemur stundum suður og sýnir okkur sitt af hverju. Hann var á ferð hér um árið og staldraði við á Kjarvalsstöðum, og nú er hann kominn aftur og með mikinn farangur. Titill á sýningu hans er Sviðsmyndir í tilveru lífs og dauða, engin smá nafnbót, enda kemur Örn Ingi víða við að þessu sinni og ef til vill of víða. Það er symbolismi, sem ræður ferð að sinni, og eins og ætíð þegar táknmál er notað, verður skilningur nokkuð persónubundinn og erfitt er að skilja og skýra svo að viðunandi sé.

Þegar Örn Ingi var hér með sína seinustu einkasýningu, en hann hefur haldið hér tvær, ef

ég man rétt var það handverkið, sem einna mesta athygli vakti og hvernig hann tengdi það konsept-hugmyndum. Enn er hann við sama heygardshornið og enn er það handverkið, sem fyrst og fremst vekur athygli. Ég man að í eina tíð spáði ég því að svo færi að Örn Ingi ynni verk sín of vel til að vera tekinn góður og gildur af því fólki sem stundaði konsept-list hér fyrir sunnan. Enn er þessi spádómur að þvælast fyrir mér og ekkert hefur breyst, hvað þetta snertir, nema hvað nú eru konsept-meistararnir flestir farnir að stunda málverk af miklum móð, en Örn Ingi heldur sig við gömlu hugmyndafræðina.

Það tekur með öðrum orðum heldur lengri tíma að koma tiskunni norður yfir fjöll en að festa hana við Faxaflóa.

Það liggur feikna mikil vinna

í þessari sýningu hjá Erni Inga, og hann hefur margar flóknar hugmyndir. Notar hrosshúðir, amboð, hey og lifandi mús til að koma sínu á framfæri, svo að fátt eitt sé nefnt. Hann virðist mjög upptekinn af leikhúsinu sem slíku, og eru sum verka hans auðsjáanlega tengd því fremur en myndlist. Það eru engar nýjungar á þessari sýningu, en verk sem þarna eru, voru vissulega í eina tíð talin til endurnýjunar dadaisma eða eitthvað í þá áttina, en svo hratt flýgur stund á listasviðinu á okkar tímum, að allt úreldest, áður en það er fullgert. Það er bæði erfitt og vanþakklátt verk að eltast við tiskuna, þótt það geti verið spennandi stundarfróun, en það er líka allt og sumt.

Það er ýmislegt gott hægt að segja um þessa sýningu hjá Erni Inga, sem er gott dæmi um hvernig hlutirnir þróast í þeirri einangrun sem hlýtur að vera til staðar í ekki stærri bæ en Akureyri er. Það ætti ekki að vera til hins verra, og hver veit nema einmitt á slíkum stöðum eigi eftir að koma fram það sem máli skiptir?

Bat-Yosef

Myndlist

Valtýr Stefánsson

Á vesturgangi Kjarvalsstaða hefur Bat-Yosef komið fyrir einum 87 myndverkum. Þar kennir margra grasa. Þar eru ljósmyndir af gerningum, málverk á silki, klippimyndir á pappír og svo mætti lengi telja. Það er þröngt á þessum verkum, og hefði verið betra ráð að hafa ekki jafn mikið til sýnis og raun ber vitni.


Fyrir um það bil 30 árum kom Bat-Yosef fyrst til Íslands og þá sem kona Erros (Guðmundar Guðmundssonar), og hefu hún haldið sambandi við land og þjóð síðan, en er nú búsett í París og hefur haslað sér þar völl sem myndlistarkona. Hún hefur haldið sýningar víðs vegar og er alþekkt sem súrrealistísk listakona. Og ekki verður annað sagt en að hún hafi lagt gjörva hönd á margt. Það er ekki langt líðið, síðan hún var með sýningu á verkum sínum í Gallerí Lækjartorgi, og er sú sýning í fersku minni. Mörg verki á þessari sýningu er nátegn því, sem þar var til sýnis, en hinir máluðu hlutir (objects) eru nýir frá hennar

hendi fyrir okkur hér á landi. Þar ber ýmislegt á góma: fiðlukassi og stóll, banjókassi, kúlur og ýmiss konar aðrir hlutir, sem of langt mál yrði að tína til hér. En allt hefur þetta svip af listakonunni, og því persónulegt eins og sagt er.

Bat-Yosef er ættuð frá botni Miðjarðarhafs, og litir hennar og form hafa nokkuð austrænan blæ. Á sýningu hennar má finna ýmis tákn og merki úr Austurlöndum, og þjóðerni listakonunnar leynir sér ekki.

Bat-Yosef á sér nokkurn hóp addáenda hér á landi, og hefur hún valdið honum nokkrum vonbrigðum. Hún er afar dugleg við myndgerð sína og löngu fullmótuð sem myndlistarkona, enda bera verk hennar með sér bæði kunnáttu og fastmótadar skoðanir. Ég verð að játa, að ég er ekki sérlega inni á því sviði, sem virðist henni svo eiginlegt, en ég ber virðingu fyrir tækni og dugnaði listakonunnar.

Það er dálítið skemmtilegt, að um leið og Bat-Yosef kemur frá París og sýnir verk sín, kemur Örn Ingi frá Akureyri, einnig með alls konar hluti, og svo eru í báðum sölum staðarins sýningar sem eiga sinn uppruna í Reykjavík.



Sýning Tryggva Árnasonar

Í Austursal á Kjarvalsstöðum stendur nú yfir fyrsta einkasýning á grafik eftir Tryggva Árnason. Hann hefur stundað þessa listgrein að undanförunu af miklu kappi eins og sýning hans ber ótvírætt vitni. Tryggvi nefnir sýningu sína KÆRA REYKJAVÍK, og ekki er maður lengi að uppgötva hvers vegna þegar sýning hans er skoðuð. Megnið af myndum hans eru gerðar eftir fyrirmyndum af gömlum og þreyttum húsum, sem hafa að geyma þá þjóðar-

sögu, sem er okkar sameign og það eru hinir lúnu húsgaflar og litríku port, sem segja okkur sögur þeirra einstaklinga, sem þarna hafa lifað og hræst alla sína tíð. Það verður vart minnst á þessi myndverk Tryggva nema verða svolítið rómantískur í orðavali. Þannig er gamli bærinn, og vonandi á það ekki eftir að breytast.

Það er tæknileg nýjung á ferð í þessum verkum Tryggva og hann hefur náð afar sterkum

tökum á því, sem hann er að fást við. Það eru skýringar á þessum vinnubrögðum í sýningarskrá Tryggva, sem óþarft er að endurtaka í þessum línum. Það sem einna mest hafði áhrif á mig á þessari sýningu er litameðferð Tryggva. Hann hefur auðsjáanlega næmt auga fyrir litnum og nær í hann krafti, sem vinnur eins og listamaðurinn auðsjáanlega ætlast til í hvert sinn. Það eru aðeins örfáir, sem ná slíku valdi, og þá liggur manni næst að vona, að viðkomandi snúi sér meir að sjálfu málverkinu, því þessir hæfileikar eiga þar betur við en í grafik að mínu mati. Ég verð að játa að mezzotintur Tryggva komust ekki eins inn í mitt kerfi og silkiþrykk hans. Sum þeirra eru hreinar gersemar, og á litameðferð ekki minnstan þátt í því.

Þarna er nýjung í íslenskri myndlist á ferð, og er það sannarlega fagnaðarefni. Warhole á þarna ekkert erindi, enda nærvera hans óþörf að mínu áliti. Tryggvi virðist standa algerlega fyrir sínu, þegar best lætur, og ég óska honum til hamingju með þann áfanga sem hann sýnir á þessari sýningu. Þar eru 51 verk og fylla algerlega Austursal Kjarvalsstaða. Þarna liggur mikil vinna að baki, og geri aðrir betur. En það er sameiginlegt þeim einkasýningum, sem nú eru að Kjarvalstöðum, að allar bera þær vitni um gríðarlegan dugnað og áráði.

Þú finnur ánægjuna í Fríklúbbsferð með Útsýn.

Megum við bjóða þér það besta á

**Ítalíu —
Spáni og
Portúgal?**



FRÍ
K L Ú B B U R I N N

Kynningartilboð Fríklúbbsins

Stórkostlegt tækifæri fyrir þig

Í 6 manna hópi býðst þér 3000 kr. kynningarafsláttur fyrir ferðafélagana og frítt fyrir þig í 2 vikur í sól og sumaryll!

Gildir aðeins næstu daga fyrir nýjar pantanir á fáum óseldum sætum til Ítalíu, Spánar og Portúgal.



Austurstræti 17
símar:
26611 — 23510